

Samþykkt

um viðauka við og breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

71
15. júlí

Lunda má veiða með háf á heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. júlí 1921.

Pjetur Jónsson

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl.

72
8. ágúst

I. KAFLI.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum 10. nóv. 1905 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndin annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

II. KAFLI.

Um upprekstur í afrjetti og heimalönd.

2. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að búfjárhögum sje elgi íþyngt um skör fram á sumrum. Í þeim hreppum, sem afrjettir tilheyra, skulu allir, er sauðfje hafa til eignar eða umráða, skyldir að reka geldfje, lömb og dilkær á afrjett eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, og gildir hið sama í þeim hreppum, þar sem hreppsnefndir hafa útvegað mönnum afrjett í annari sveit.

72 Hins vegar er það bannað og heyrir undir brot á reglugjörð þessari, að skilja vís-
8. ágúst vitandi eftir í afrjettum fje að haustlagi til útingangs yfir veturinn. Gildir þetta ákvæði eins um hina smærri afrjetti, sem um hina stærri.

3. gr.

Ef afrjettur ber ekki alt fjallfje hreppsmanna, eiga þeir að nota hann annaðhvort til skiftis eða hver einn að tiltölu, eða nokkrir af hreppsmönnum með samþykki hinna.

4. gr.

Hreppsnefndin hefir vald til að segja fyrir, hvort og hve lengi lömb skulu setin, áður en þau eru rekin til afrjettar, hvernig haga skuli rekstrum í afrjett svo og um rekstur þess fjár til afrjettar, sem rennur úr afrjetti.

5. gr.

Noti einhver elgi ítölu sína í afrjett hreppsinn, annaðhvort af því að hann á ekkert sauðfje, hefir það í girtu landi eða kemur því fyrir í öðrum hreppum til sumarþeitar, má hann með samþykki hreppsnefndarinnar leigja öðrum ítölu sína. Synji hreppsnefnd um þetta samþykki, má skóta úrskurði hennar til sýslunefnar.

6. gr.

Hreppsnefnd er skylt, þegar einstakir menn krefjast þess að afstýra yfirgangi af innsveitis- og utansveitarfjenaði og hrossum í heimalandi, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefir í því skyndi vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni þegar henni þykir þurfa og reka til rjetta. Það sauðfje, er fyrir kemur, má hreppsnefndin láta reka í afrjett hreppsins og taka af utausveitarfje, sem eigi er hirt, hagatoll er sje 30 aurar af kind, ef fje þetta er rekið á afrjett fyrir miðjan ágústmánuð, og sjer oddviti þess hrepps, þar sem eigendur fjárins eiga heima, — eftir að hafa fengið vottanlegar markaskýrslur — um innheimtu á því gjaldi og stendur á því skil. Sje afrjetturinn, sem á er rekið notaður af öðrum hreppi jafnhliða, getur hagatollurinn, að því er þann hrepp snertir, fallið niður, ef hann leggur jafnt til smölunar uppreksturs og hreppur sá, sem fyrir áganginum verður. Svo er og hreppsnefndum í þeim hreppum, er engan afrjett eiga, heimilt að láta reka fje, sem þannig er smalað til almenningsrjetta í þeim hreppi, sem fjeð á heima í.

Þegar hreppsnefnd fyrirskipar smölun, er hjer um ræðir, skal henni skylt áður en smölunin fer fram að birta þá ráðstöfun sína í nágrannahreppunum svo að búendum þar gefist kostur á að hirða fje sitt.

7. gr.

Enginn má reka fjenað sinn í lönd annara án leyfis þeirra eða skilja þar eftir af rekstrum sínum. Heldur eigi mega menn láta annara fje fara í rekstra sína til og frá afrjetti og reka fje þetta með rekstrum sínum.

III. KAFLI.

Um fjallskil.

8. gr.

Sjerhver, sem afrjett á að nota, á tiltölu til hans eða leigir hann, og hefir 40 kindur

veturgamlar og eldri til eignar og umráða, er skyldur til, hvort sem hann rekur fje sitt á afrjett eða eigi, að leggja 1 mann til fjallsafns, er sje að minsta kosti 16 ára að aldri og 8 álfíst til þess fær. Þó skulu þeir, sem í Holtamannaafrijetta reka, því aðeins skyldir að leggja einn mann hver til fjallsafns, að þeir hafi hver um sig 60 kindur veturgamlar og eldri, og þeir, sem hafa 250 fjár eða meira til eignar og umráða, veturgamalt og eldra, leggi til viðbótarfjallskil eftir mati hreppsnefndar. Sá, sem hefur 80 fjár til eignar og umráða, veturgamalt og eldra, skal auk þess taka þátt í kostnaði, sem leiðir af utansveitarrjetttaferðum til hirðingar á sauðfje, er þar ber að hirða, og reka upp að sumrinu þar sem þess þarf við. Ef maður eða menn eiga hlut að tveimur afrjettum, ber honum eða þeim að gegna fullum fjallskilum á báðum afrjettunum, að tiltölu við aðra, ef hreppsnefnd eða hreppsnefndir krefjast þess. Alla, sem færri fje eiga en hjer er tiltekið, lætur hreppsnefndin leggja til eftir ástæðum þeirra.

Ef hreppsnefndin álitur mjög sett í afrjett hreppsins, og einhver búandi í hreppnum útvegur sjer upprekstur í annan afrjett, má hreppsnefndin leysa þann mann undan fjallskilum að meira eða minna leyti.

Ákvæði þessi gilda jafnt um húsmenn og lausamenn sem bændur.

9. gr.

Fjallskilakostnaður, sem hreppsnefndin finnur út með því að leggja í dagsverk og meta til verðs vinnu þá og annan kostnað, er til þess þarf, að afrjettur sje fullsmalaður, er henni heimilt, með samþykki meiri hluta hreppsbúa að jafna niður á ábúð jarða og eyðijarða, sem notaðar eru til slægna eða beitar að $\frac{1}{3}$ eftir gildandi mati og á sauðfje að $\frac{2}{3}$ jafnt á hverja kind 1v. og eldri eftir framtali til Búnaðarskýrslnanna.

Skyldur er húsráðandi að inna gjaldið af hendi fyrir heimamenn sína. Noti tveir eða fleiri hreppar einu og sama afrjett, skal gjaldið á hvert jarðarhundrað og hverja kind vera hið sama í hverjum hreppnum fyrir sig.

Skylda sú, að senda mann til fjalls eftir fyrirælum hreppsnefndar, er um ræðir í upphafi 8. gr., hvílir jafnt á, þótt heimild þessarar greinar sje notuð.

10. gr.

Hreppsnefnd skal með fjallseðli, sem byrji að ganga um sveitina 3 vikum áður en fyrsta fjallleit er byrjuð, boða fjallleit fyrir hvern einstakan afrjett, enda skal hún láta gera fjallleitir svo snemma, að fjallsafni sje lokið og verði rjetttað: Í Holta og Landrjettum og Rangárvallarjettum föstudaginn í 23. viku sumars — hreppsnefnd Ásahrepps skal þó heimilt að rjetta fjallsafni þess hrepps degi fyr — í Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi fimtudaginn og í öðrum hreppum sýslunnar miðvikudaginu næstan á undan. Smölun í Hekluhraunum má geyma þangað til mánudaginn fyrir fyrstu byggðasafnsrjett.

Fjallseðlar hafi þingboðsrjett.

11. gr.

Hreppsnefnd ber að ráða umsjónarmann »fjallkong« einn eða fleiri í hvern einstakan afrjett, og getur enginn skorast undan slíkum starfa nema brýna nauðsyn beri til. Fjallkongur skal fara eftir því, sem hreppsnefnd fyrirskipar um söfnun afrjettarins, en í afrjettinum hefur hann öll ráð og fyrirsögn á hendi, hann skipar í leitir, hann ræður fyrir rjettarhaldi, ef rjetta þarf, og sjerhverju öðru, er söfnun fjárens viðvikur, alt þangað til safnið er komið til almenningrjetta, og er safnmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stöndur.

72

8. ágúst

Sjerhver fjallsafnsmaður skal vera með fullri verkgreind og heilsu, og svo útbúinn að hestum, mat, fötum og skóleðri og tjaldrúmi o. fl. sem hreppsnefndin ákveður.

13. gr.

Ef fjallkongur með meiri hluta fjallsafnsmanna álitur einhvern brest á því, er áður var talið, eða fjallsafnsmaður gerir sig sekan í óhlýðni, er að álíta, sem sá maður, er þennan mann leggur til, hafi engin fjallskil gert, og skal hann því borga fyrir fjallskil sín eftir mati hreppsnefndar eða missi af umsömdu kaupl.

Vanræki einhver að inna af hendi fjallskil þau, er honum eru sett í fjallseðli, annaðhvort samkvæmt skyldu eða samningi, skal hann auk sektar þeirrar, sem umiæðir í 58. gr., greiða bætur fyrir vanrækslu sína eftir mati hreppsnefndar. Úrskurði hreppsnefndar í þessu efni má áfrýja til sýslunefndar.

14. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að ekki verði misgöngur afjetta á milli; skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig því verði við komið.

IV. KAFLI.

Um bygging og viðhald almenningsrjetta og stjórn á rjettahöldum.

15. gr.

Hreppsnefnd sjer um að almenningsrjettum hreppsins með tilheyrandi dilkum, sje vel viðhaldið, og heyrir þar til eigi einungis að allir veggir þeirra sjeu stæðilegir um rjettatímann og nægilega háir, heldur einnig að almenningsrjettinni sje svo hagað, að ekki standi vatn í henni, þótt votviðri sjeu, til óhægðar við fjenaðarhirðingu. Við sjerhverjar almenningsrjettir skulu vera nægir dilkar fyrir utansveitarfje og óskilafje og nægilegt rúm í hverjum dilk, til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim, fyr en rjettum er lokið og hreppsnefndin eða sá, sem í umboði hennar stjórnar rjettarhaldi, leyfir, og hefur látið rannsaka fjeð í dilkunum af markglöggum mönnum. Bygging og endurbygging almenningsrjetta hvílir á fjáreigendum hreppsins og fer fram undir umsjón hreppsnefnda. Viðhald rjettanna, sem hreppsnefnd sjer og um, má greiða úr sveitarsjóði.

16. gr.

Vilji hreppsnefnd breyta um rjettarstæði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta hreppsúa.

17. gr.

Hreppsnefndin skipar mann til að sjá um innrekstur við rjettarhöld og kveða á um hvenær rjettum sje lokið, og gæta þess, að alt fari þar fram í sem bestri röð og reglu. Líka skal það í valdi hennar, hvort hún vill bjóða með undirboði upp til geymslu á kostnað sveitarinnar þann óskilafjenað, sem verður í fjallsafnrjett, eða sleppa honum.

18. gr.

72

8. ágúst

Hvenær sem rjettir eru haldnar, skulu hlutaðeigandi hreppstjórar einnig vera viðstaddir, hvort sem þeir eru í hreppsnefnd eða ekki, og gæta almenningar lögreglu.

V. KAFLI.

Um eftirleitir.

19. gr.

Eftirleit í afrjettum skal gjörð svo fljótt eftir fjallsafnsrjettir, sem unt er og veður leyfir, og í því sambandi við bygðasöfn, að sem minstar misgöngur eigi sjer stað milli afrjetta og heimalanda. Þyki hreppsnefnd þörf á fleiri eftirleitum, hefur hún vald til að fyrirskipa þær. Hamli óveður fjallsafns- eða eftirleitarmönnum, áður en þeir hafa byrjað leit á afrjetti, er sú ferð, sem ófarin væri. Fyrsta eftirleit í Hekluhraunum skal fram fara mánu- daginn í 26. viku sumars.

20. gr.

Sje fjallgöngum hagað eftir fyrirmælum 8. gr. og reynist þeir of fáir til eftirleita, sem ganga af fyrsta fjallsafni, jafnar hreppsnefndin niður þeirri viðbót, sem með þarf á alla efnaðri fjáreigendur, er hafi hver um sig eigi færri en 60 sauðkindur eldri en lömb að eign og umráðum. Ef afrjettur er notaður af sumum en ekki öllum hlutaðeigendum til uppreksturs, skulu þeir, sem nota hann, ávalt leggja í viðbótina alt að 1 manni hver, en nægi það ekki, þá sje bætt við á sama hátt og fyr segir.

Í afrjettum, sem þurfa allra sinna manna með til fyrsta fjallsafns, skipar hreppsnefndin fyrir um eftirleitir á sama hátt og segir í 1. málsg. þessarar greinar.

21. gr.

Fje því, sem finst í eftirleitum og eigandi leiðir sig ekki fyr að, skal ávalt haldið til skila af eftirleitarmönnum til næstu bygðasafnsrjettar á eftir.

22. gr.

Að afloknum þeim fjalleitum, sem hreppsnefndin lætur gjöra, eru hreppsþúum heim- lilar eftirleitir í afrjetti, en skylt skal þeim að fá til þess samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda, ef þeir vilja eiga von á borgun fyrir fyrirhöfn sína. Finnist fje í þessum leitum skal eigandi borga þriðjung verðs fyrir heimt og óheimt fje. Heimilt er hreppsnefnd að hækka borgun þessa, en þá skal sú hækkun greiðast úr sveitarsjóði. Hreppstjórar skulu virða fjeð til þessarar borgunar.

Skylt er að hagamerkja alt fjeð jafnóðum og það heimtist.

23. gr.

Úr heimahögum leyfist engum að selja nokkra skepnu eins og fundna í eftirleit að afloknum lögsöfnum.

Skyldur skal þó hver einn, sem verður var við að fje er komið í sveltí í hömrum eða annarsstaðar í landeign sinni, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til eig-

72 anda, að því sje bjargað ef unt er, og ber honum borgun fyrir það af eiganda eða af andvirði
 8. ágúst kindariunnar, ef eigandi finst eigi, eftir mati hlutaðeigandi hreppsnefndar. Hver sá, sem verður var við meinakind í búfjárhögum sínum, er skyldur að tilkynna það eiganda sem fyrst.

VI. KAFLI.

Um bygðasöfn og bygðasafnsrjettir.

24. gr.

Í hverjum hreppi skulu auk fjallsafnsrjetta haldnar að minsta kosti 4 bygðasafnsrjettir að sauðfje, þriðjudagana í 23., 24., 26. viku sumars og 2. viku vetrar með þeim undantekningum er hjer greinir: 1. Í Rangárvalla-, Fljótshlíðar- og Vestur-Landeyjahreppum skal halda fyrstu bygðasafnsrjett á miðvikudaginn í 23. viku sumars. 2. Í Hvolhreppi og Austur-Landeyjahreppi skal halda fyrstu bygðasafnsrjett á þriðjudaginn í 23. viku sumars, en allar aðrar rjettir á mánudögum.

25. gr.

Bygðasöfnun skal fram fara næsta dag á undan hverri bygðasafnsrjett, nema í Austur-Landeyjahreppi að því er snertir 2., 3. og 4. rjett, og Hvolhreppi að því er allar rjettir snertir, þar skal söfnunin fram fara sama dag og rjettað er. Hver og einu skal þá skyldur til að smala alt heimaland sitt, og hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, sem miða því til tryggingar, að vel sje smalað, og að almenningur sje samtaka í smöluinni, bæði inuþyrðis og sveita á milli. Skal síðan alt óskilafje forsvaranlega byrgt inni um nóttina og rekið til almenningsrjettarinnar í tækan tíma næsta dag.

26. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd, þar sem því verður viðkomið, að fyrirskipa þeim, er búa næstir af rjetti, að smala sjerstaklega heimaland sitt í sambandi við fjallsöfn og koma því óskilafje, sem þeir finna, í fjallsafnið.

27. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal tiltaka fyrirfram á hverju hausti, hverjir skulu sveitar sinnar vegna senda í bygðasafnsrjettir til að hirða það óskilafje úr sinni sveit, sem þar kynni að koma fyrir. Mega aldrei vera færri en 2 úr hverjum hreppi í fyrstu bygðasafnsrjett utan sveitar.

Parfi að greiða ferjutoll fyrir fje, sem sótt er í rjettir, borgast hann af sjóði þess hrepps, er rekstarmenn eru úr, en sá hreppur hafi endargjaldskrófu til þeirra hreppa, sem fjeð er úr.

28. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal láta hirða í fyrstu bygðasafnsrjettum í Holtum og á Landi, alt óskilafje úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá, og sjá um, að það komist í fyrstu bygðasafnsrjett Rangárvallahrepps daginn eftir. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefur hins sama að gæta í fyrstu bygðasafnsrjett Austur-Eyjafjallahrepps

með óskilafje úr þeim hreppum sýslunnar, er liggja fyrir utan Markarfljót. Hreppsnefndin 72
 í Fljótshlíðarhreppi skal og í fyrstu bygðasafnsrjettum á Rangárvöllum og í Hvolhreppi láta 8. ágúst
 hirða alt óskilafje úr Eyjafjallahreppum. Óskilafje úr sömu hreppum, er fyrir kemur í fyrstu
 bygðasafnsrjett í Vestur-Landeyjahreppi skal og hreppsnefndin í Austur-Landeyjahreppi hirða
 láta. Ennfremur skulu og hreppsnefndirnar í Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi hafa hinnar
 sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi með óskilafje úr hreppum sýslunnar fyrir utan
 Þverá. Skulu þeir menn, er sendir eru, koma fjenu áleiðis til einhvers hreppsnefndarmanns
 í næstu sveit. Að öðru leyti mega tveir hreppar leggja saman til að senda í bygðasafnsrjettir
 í þeim hreppum, er engan afrjett eiga. Bakkabæjamenn austan Fróðholtsóss reki óskilafjeð
 til skilarjettar í Vestur-Landeyjahreppi.

29. gr.

Sjerhver hreppsnefnd hefur heimild til að fyrirskipa bygðasafnsrjettir lengur fram á
 vetur, ef henni þykir þurfa, einkum ef veður falla vel, svo að von sje á miklum samgöngum.

30. gr.

Verði einhver ber að því, að smala land sitt óforsvaranlega eða alls ekki í bygða-
 söfnum, hefur hreppsnefndin vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá láta
 aðra framkvæma hana, hvorttveggja á kostnað hins seka.

31. gr.

Skilarjett á hrossum skal haldin í hverjum hreppi þriðjudaginn í 25. viku sumars,
 eftir smölun á þeim, er búendur skulu leysa forsvaranlega af hendi. Heimilt skal þó hrepps-
 nefndum að ákveða aðra hrossarjett fyrir á haustinu. Hver einstakur eigandi hefur ábyrgð á
 að hirða hross sín að skilarjett, hvort sem er utansveitar eða innan, að öðru leyti en því,
 sem ákveðið er í 32. grein um tókuhross.

VII. KAFLI.

Um tókufjenað.

32. gr.

Hver, sem kemur lömbum sínum, sauðiþje, nautum eða hrossum til sumarþeitar hjá
 öðrum, og hver sá, er tekur slíkan fjenað til sumarþeitar, er skyldur að skýra hreppsnefnd-
 um sínum frá þessu, ef þær krefjast þess. Nú þykir hreppsnefnd einhver taka óhæfilega
 mikið af innansveitar- eða utansveitarfjenaði, nautum eða hrossum til sumarþeitar eða haga-
 göngu á vetrum, og hefur hún þá heimild til að banna slíka töku fram yfir það, er hún
 metur að hagarúm hans geti leyft. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndarinnar.

33. gr.

Komi tókufjenaður til rjetta, hefur sá ábyrgð á, sem tekið hefur.

VIII. KAFLI.

72
8. ágúst*Um kalineyrt og eyrnalaust fje og ómerkinga.*

34. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fje og ómerkinga, sem lambsmæður eigi helga sjer í heima-rjettum, skal sjerhver reka til almenningsrjetta, bæði í fjallsöfnum og bygðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um, að slíkt fje sje dregið í dilk sjer. Haldi einhver slíku fje frá rjettum eða dragi sjer það án leyfis hreppsnefndar, með launung eða ofríki, hefur hann fyrirgjört eignarrjetti að hinni sömu kind, er þannig er meðfarið, þótt lambsmóðir helgi sjer á eftir. Síðan skal leiða ær að dilkum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrjett sinn með óbrigðulur einkenum, en þó eigi af fjárbragði einu saman. Ómerkinga þá, er enginn hefur helgað sjer í lok hverrar rjettar, skal selja hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar, en hver hreppur greiði í hið minsta 15 kr. fyrir rjettarstæði, ef eigi er áður öðruvísi um samið.

IX. KAFLI.

Um meðferð á óskilafjenaði.

35. gr.

Allar óskilakindur skal tafarlaust selja jafnóðum og þær koma fyrir í bygðasafns-rjettum, og ennfremur þær óskilakindur, er finnast að afloknum bygðasöfnum veturinn út. Skulu hreppstjórar að öllum haustrjettum loknum senda í hvern hrepp sýslunnar skýrslu yfir alt hið selda fje, og mega eigendur þess leiða sig að andvirðinu, er tveir mánuðir eru liðnir frá söludegi til septemberloka árið eftir, að frádregnum öllum kostnaði.

Sölu á óskilahrossum skal hreppstjóri jafnan auglýsa innan hrepps, nema þegar um lögakipaða hrossarjett er að ræða. Um hross þessi skal hreppstjóri senda skýrslu í hvern hrepp, eins og um annan óskilafjenað.

36. gr.

Til þess að geta sannað eignarrjett sinn á sauðfje, hlýtur eigandi að hafa löghelmilt og auglýst mark. Gefi tveir eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppsnefndinni ekki skylt að svara andvirði hinnar seldu kindar, fyr en einhver þeirra hefir löglega sannað forgangsrjett sinn.

37. gr.

Hross, sem eigandi þekkist eigi að, eða eigandi er utan hrepps og á engan þann að, er hirða vill gripinn eða gripina fyrir hans hönd, skulu jafnan talin í óskilum á hvaða tíma árs sem er og vakta í viku og fara síðan með sem annað óskilafje (sbr. 6. og 35. gr.). Þó skal eigandi hross, sem selt er, hafa innlausnarjett á því 6 mánuði frá söludegi, enda ber hann þann tíma ábyrgð á því, nema það farist fyrir handvömm kaupanda. Borga skal eigandi allan áfallinn kostnað, svo sem uppboðs fóður- eða beitarkostnað. Beitarkostnaður má þó ekki fara fram úr hálfum fisk á sólarhring og fóður að vetri ekki fram úr 2 fiskum á landsvísu í peningum eftir verðlagsskrá um sólarhring. Audvirðis geta eigendur

vitjað innan árs frá söludegi, en að öðrum kosti færist það hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar.

72
8. ágúst

38. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar næsta ár skulu hreppstjórar senda manni, sem sýslunefndin kys til þess, greinilegar lýsingar yfir allan þann óskilafjenað, sem seldur hefir verið og engin hefir leitt sig að. Hinn kjörni maður sendir síðan eftirrit af lýsingum þessum til prentunar í »Lögbirtingablaðinu«. Asamt lýsingunum skulu hreppstjórar greiða til sýslusjóðs 2 fiska á landsvísu í peningum fyrir hverja kind í auglýsingarkostnað. Á sama hátt skal lýsa seldum óskilahrossum.

Verði verðlagsskrá numin úr gildi, skal kostnaður sá, sem talinn er í fiskum, greiddast eftir mati sýslunefndar ár hvert.

X. KAFLI.

Um vorrjettir

39. gr.

Hreppsnefndirnar í Hvolhreppi, Fljótshlíðarhreppi og Landeyjahreppum, skulu sjá um, að sjerhver búandi maður í hreppum þessum smali heimalönd sín mánudaginn í 7. og 9. viku sumars og 4. júlí eða næsta virkan dag. Hreppsnefndir annarsstaðar í sýslunni skulu sjá um, að slík smölun fari fram frá byrjun 7. viku til loka 9. viku sumars. Öllum aðkomnum fjenaði, sem finst og eigandi eigi lætur hirða heima hjá mönnum, skal eftir smölunina haldið til rjetta, svo sem unt er, og haldið rjett á honum eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að fyrirskipa smölun á vorin og vorrjettahöld, eftir því sem henni þykir best henta og ákveða rekstrardaga til afrjettar.

40. gr.

Hreppsnefndum er skylt að auglýsa vorrjettardagana í næstu hreppum.

41. gr.

Skylt er að marka lömb undir óskilaám með sama marki og á þeim er.

42. gr.

Hreppsnefndir hafa að öðru leyti heimild til að gjöra nánari fyrirskipanir um vorsöfn og vorrjettir, en hjer er greint.

XI. KAKLI.

Um einkenni á fje.

43. gr.

Menn skulu einkenna fje sitt með eyrnamarki og mega hreppsnefndir skipa svo fyrir, að búendur í hreppnum skuli brennimerkja fje sitt með sýslu- og hreppsrennimarki á horn i,

72 er sje þannig: R1. fyrir Ásahrepp, R2. fyrir Holtahrepp, R3. fyrir Landmannahrepp o. s. frv. 8. ágúst eftir röð hreppanna í markaskrá sýslunnar.

44. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita á eina skrá, og skal prenta hana að minsta kosti á 10 ára fresti. Borgun fyrir að fá prentað mark skal vera 1 króna í hvert sinn, sem það er prentað, og rennur sú borgun í sýslusjóð.

Ef einhver flytur inn í sýsluna eða tekur upp nýtt mark, er hann skyldur að tilkynna það oddvita í sínum hreppi, er ritar það á viðeigandi stað í hina gildandi markaskrá, og tilkynnir það svo öllum oddvitum sýslunnar, er einnig skulu innfæra markið og sjá um, að markabækur með þessum innfærslum sjeu í hverri skilarjett. Fyrir þetta greiði mark-eligandi oddvita sínum kr. 2,00.

Eigandi kindar missir eignarrjett sinn að henni, ef hún lendir í óskilum, og mark er elgi auglýst í markaskrá sýslunnar.

45. gr.

Eigi skulu menn hafa uámerkt frekara en þörf gjörist, og hefir sýslunefnd rjett til að kveða á um, hversu námerkt má vera. Sá, sem tekur upp náíð mark, eða flytur inn í sveit með náíð mark, skal breyta marki sínu, en sá, sem á erfðamark eða fyrir er, skal halda sínu marki

46. gr.

Eigi má prenta í markabók neitt mark, sem er afeyt eða aðeins eitt hnífsbragð.

XII. KAFLI.

Um sölurekstra.

47. gr.

Ált fje í sölufjárrekstrum skal rækilega merkt með skýru rekstrarmerki, er sje svo glögt, að sjáist vel tilskýndar í björtu, og svo traust, að eigi geti máðst af.

48. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að þeim, sem land eiga, þar seu fje er rekið um.

Varast skal að rekstum lendi saman við annað fje. Alls ekki má halda áfram með rekstur þegar dimt er orðið að kvöldi, og ekki leggja upp að morgni fyr en sauðljóst er. Yfirmaður reksturs ber ábyrgð á, að reglum þessum sje hlýtt.

XIII. KAFLI.

Um grenjaleitir, refaveiðar og eitranir.

49. gr.

Hreppnefndir skulu vandlega annast um grenjaleitir og refaveiðar; þær skipa fyrir

um grenjaleitir í tækan tíma, bæði í afrjettum og heimalöndum, og gæta þess vandlega, að 72 þeirrar almennu skyldu sje gætt, að hver og einn leiti vandlega í heimalandi sínu, þar sem 8. ágúst grenja von er.

50. gr.

Kostnaður og fyrirkomulag grenjaleita fer eftir sömu reglum og beitt er við fjallsöfnun.

51. gr.

Skotmaður skal vera við grenjaleitir í afrjetti. Borgun til skotmanns fyrir hvert fullorðið dýr, sem hann vinnur, er 6 kr. fyrir fyrra dýrið, sem hann vinnur, en 9 kr. fyrir hið síðara, fyrir hvern yrðling 1 kr. 50 au., kaup og fæði um daginn 6 krónur, og fyrir hest 3 kr. um daginn. Ef skotmaður er hlutaðeigandi leitarmaður, reiknast borgunin einungis fyrir þann tíma, sem gengur til þess að liggja yfir greni; fyrir þann tíma ber einnig að borga öðrum grenmönnum alt að sömu upphæð um daginn. Á sama hátt ber að borga skotmanni fyrir gren unnið í heimalandi.

52. gr.

Skylda til grenjaleita í afrjetti byggist á sama grundvelli og skylda til aðalfjallsafns.

53. gr.

Sjerhver hreppsnefnd í þeirri sveit, er liggur til afrjettar eða fjallendis, skal að hausttímanum annast um eitrun fyrir refi á þessum svæðum, og eins þó landið tilheyri einstökum mönnum.

54. gr.

Hreppsnefnd má banna alla smölun og umferð í afrjettum, er hún álitur að spilla muni fyrir refaveiðum.

55. gr.

Allan kostnað, er leiðir af refaveiðum og eitrun fyrir refi, skal greiða af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Einnig er heimilt að greiða af sveitarsjóði kostnað við grenjaleitir í afrjettum, ef hreppsnefnd þykir haganlegra að fá nokkra menn til þess, heldur en að búendur alment leggi menn til grenjaleitar.

XIV. KAFLI.

Um smáafrjetti.

56. gr.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps og hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skulu sjá um fjallskil, rjettahöld og grenjaleitir o. s. frv. á Þórsmörk, en hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps á Teigs-, Múla- og Guðrúnartungum. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps sjer um það á Almenningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinholti, og hafa hreppsnefndirnar rjett til að gera nauðsynlegar fyrirskipanir í þessu efni. Sá eða sú hreppsnefnd, sem heldur Goðaland

72 til uppreksturs, hafi öll umráð yfir afrjettinum, að því er snertir rjettahöld, grenjaleitir o. fl. 8. ágúst og skal þar halda skillarjett. Eigi má þó sá, er heldur Goðaland, láta reka fje yfir jökul að haustlagi.

57. gr.

Hinar almennu reglur, er gilda um afrjetti í sýslunni, skulu einnig gilda um smá-afrjetti þessa, en þó skulu sjerstaklega gilda um þá þessar reglur:

Fjallskil og rjettarhöld skulu fram fara með tilsjón tveggja manna, sem eru settir til þess, annar af hreppsnefndinni í Fljótshlíðarhreppi, en hinn af hreppsnefndinni í Vestur-Eyjafjallahreppi, á kostnað þeirra, sem afrjettinn nota.

Afrjettir skulu smalaðir svo, að eigi verði misgöngur á milli.

Eftirleit skal fram fara föstudaginn í 25. viku sumars. Skal eftirsafnið rjettað í afrjettunum á sama hátt og aðalsafnið. Öll söfnin skulu könnuð á víxl, þannig, að Fljótshlíðingar hirða alt fje, sem þekkist að vera utanyfir Markarfljót, en Vestur-Eyjafjallamenn á sama hátt það, sem tilheyrir Eyjafjallahreppunum. Um óskilafje sem ekki þekkist ræður afrjettur til hvers hreppsins skuli ganga. Eftirleitinni skal lokið svo snemma, að eftirsafnið nái í næstu bygðasafnsrjettir Fljótshlíðarhrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps. Grenjaleitir, refaveiðar og eitrarir á smáafrjettum þessum skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir annast um á kostnað þeirra, er halda afrjettina til notkunar en ef þeir eigi borga góðfúslega, þá skulu eigendur afrjettanna borga þennan kostnað á Almöningum, Merkurtungum og Stakkholti, ef hreppsnefndin ákveður svo.

XV. KAFLI.

Um sektir og málsóknir.

58. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 10—300 kr. sektum. Sektin rennur í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

59. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almennu lögreglumál.

60. gr

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugjörð 7. júní 1915 og 13. júní 1919.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 8. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.